



STEFNUMÓTUN GRINDAVÍKURBÆJAR



**Auðlindastefna
Grindavíkur**

Febrúar 2009



Í framhaldi af vinnu Grindavíkurbæjar við skoðun á heildstæðri nálgun varðandi auðlindanýtingu innan bæjarfélagsins hefur bæjarstjórn óskað eftir tillögu frá EFLU verkfræðistofu að stefnu í auðlindanýtingu í lögsögu Grindavíkurbæjar.

Meðfylgjandi er tillaga að auðlindastefnu Grindavíkur sem unnin er í framhaldi af skýrslunni „Grunnur að Auðlindastefnu“ sem EFLA vann fyrir Grindavíkurbæ.

Grindavík - stefnumótun um auðlindir

Með sölu Grindavíkurbæjar á hlut sínum í Hitaveitu Suðurnesja er ljóst að bæjarfulltrúar þurfa að bregðast við nýrri stöðu í orkuvinnslu í eigin lögsögu sveitarfélagsins. Virkjun auðlinda í eigin lögsögu er mikilvægt og stórt mál hvers sveitarfélags og kallar á alhliða stefnumótun í rekstri sveitarfélagsins. Vegna aðstæðna í þjóðfélagsmálum um þessar mundir og mikils utanaðkomandi þrýstings um afstöðu Grindavíkurbæjar til þessa málaflökks er eðlilegt að stefnumótunarvinnan verði unnin af krafti en án tilslakanna á gagnrýnni umræðu og að heildstætt sé litið á allar auðlindir í lögsögu Grindavíkur. Stefnumótunarvinnan skal því ekki einskorðist við orkunýtingu í eigin landi heldur að vinnan verði útvíkkuð þannig að hún taki almennt á nýtingu allra auðlinda er snerta Grindavík vegna þess hversu samtengd þessi mál eru. Heitt og kalt vatn, víðerni, óskert strandlengja, andstæður í landslagi, haf, dýralíf, hreint loft, vindorka eru dæmi um auðlindir sem eru beint eða óbeint tengdar jarðhitaauðlindinni. Þá þarf að huga að mögulegum framtíðar auðlindum og breytt vægi auðlinda í núverandi mati. Einnig að stefnumótunin sé innan þess er lög heimila og að tillit er tekið til opinberrar umræðu um málaflökkinn. Af þessum sökum þarf umræða og stefnumótunarvinna að snúast um auðlindanýtingu almennt. Að öðrum kosti verður stefnumótun í málafnum jarðhitanytingar ekki unnin á raunsæjum, réttum og sanngjörnum forsendum.

Með stefnumótunarvinnu er reynt að rýna inn í framtíðina með þeirri óvissu sem því fylgir. Fyrstu skref í slíkri vinnu kalla oft á svör við grundvallarspurningum sem ekki hefur verið svarað áður. Nauðsyn er að velja og hafna m.t.t. fjárhagslegs styrks og gæða þjónustu sveitarfélags og annars er málinu við kemur. Einnig að ekki einungis verði horft til svæða til orkuvinnslu og umhverfisverndar, heldur einnig aðferðar til beislunar orku eða verndar. Taka þarf tillit til þess að sveitarfélagið setur línurnar en er ekki endilega eini gerandinn í málum. Val á samstarfsaðila þarf að liggja fyrir á öllum stigum. Vert er einnig að hugleiða, hver tímaramminn í aðgerðum eigi að vera og hver áhættan í aðgerðum/ákvörðunum megi vera. Á að fara eigin leiðir eða á/má vinna með öðrum. Mega útlend fyrirtæki vera þar á meðal. Hver er siðferðileg skylda bæjaryfirvalda í þessu sambandi – gagnvart bæjarbúum, á landsvísu og heimsvísu.

Meta þarf hvort aðgerðir inn í framtíðina kalli á breytingar á stjórnsýslu eða stoðkerfi innan Grindavíkurbæjar og ef svo er hvernig ber að bregðast við því.

Eftirfarandi er tillaga að auðlindastefnu Grindavíkur.

9. febrúar 2009.

Auðlindastefna Grindavíkur

Inngangur

Virkjun auðlinda í eigin lögsögu er mikilvægt og stórt mál hvers sveitarfélags og kallar á alhliða stefnumótun í rekstri sveitarfélagsins. Þrátt fyrir að aðkallandi sé að Grindavíkurbær marki sér stefnu í nýtingu auðlinda þá þarf auðlindastefna að vera hluti af heildarstefnumótun Grindavíkurbæjar og sem slík hluti af aðalskipulagi. Líta þarf heildstætt á allar auðlindir í lögsögu Grindavíkur einnig auðlindir í sjó og lofti. Stefnumótunarvinnan má ekki einskorðast við orkunýtingu í eigin landi heldur þarf að útvíkka hana þannig að hún taki almennt á nýtingu allra auðlinda er snerta Grindavík. Heitt og kalt vatn, víðerni, ósnortin strandlengja, andstæður í landslagi, haf, hreint loft, dýralíf, vindur og menning eru dæmi um auðlindir sem beint eða óbeint tengjast jarðhitaauðlindinni og nýtingu hennar. Þá þarf að huga að mögulegum framtíðar auðlindum og breyttu vægi auðlinda í núverandi mati. Af þessum sökum þarf umræða og stefnumótunarvinna að snúast um auðlindanýtingu almennt og vera hluti af heildar stefnumótun Grindavíkur.

1 Hagsæld og auðlindanýting

Grindavíkurbær standi vörð til framtíðar um hagsmuni sína og annarra Íslendinga hvað varðar nýtingu allra auðlinda í lögsögu sveitarfélagsins.

Auðlindir sveitafélagsins eru m.a. heitt og kalt vatn, heitur og kaldur jarðsjór, jarðgufa, ósnortin náttúra, víðerni, hreint loft, dýralíf á landi og sjó, vindur, menning, jarðefni og orka/efni í sjó.

Grindavíkurbær njóti ávallt hags af nýtingu auðlinda í lögsögu sveitarfélagsins.

Hagur af nýtingu auðlinda getur verið með beinum tekjum eða af rekstri sem settur er upp samfara nýtingu auðlindar.

Grindavíkurbær mun, samhliða samþykktri auðlindastefnu, setja í aðalskipulag áætlun um verndun náttúru er byggir á áformum um stofnun Eldfjallagarðs í lögsögu Grindavíkur og jafnvel víðar.

2 Nýting auðlinda

Grindavíkurbær stjórnir nýtingu auðlinda í eigin lögsögu líkt og lög kveða á um. Jafnframt sé tekið tillit til stefnumörkunar alþingis í málaflokknum.

Grindavíkurbær stefni á að vera virkur umsagnaraðili hvað varðar stefnumótun ríkisins á sviði auðlindanýtingar, sérstaklega m.t.t. til rammaáætlunar um nýtingu jarðhita- og vatnsafls, nýtingar sjávarfangs og náttúruverndaráætlunar.

Skipulag Grindavíkurbæjar skal taka mið af nýtingu allra auðlinda í landi sveitarfélagsins og tryggja jafnræði á nýtingu þeirra og meta mögulegar óframkomnar auðlindir og taka tillit til þeirra eins og hægt er.

Grindavíkurbær skal leitast við að tryggja ábyrga nýtingu auðlinda í eigin lögsögu. Með ábyrgri nýtingu skal leitast við að auðlind sé nýtt á sjálfbæran hátt þannig að tryggt sé að ofnýting eigi sér ekki stað.

Við mati, á hagkvæmni nýtingar skal sveitarfélagið hafa til leiðsagnar samþykkt aðferðafræði við mat hvers verkefnis.

Hluti af auðlindastefnu aðalskipulags Grindavíkur er skipulagning á Eldfjallagarði. Öll jarðhitasvæði Grindavíkur munu verða háð skipulagi Eldfjallagarðsins.

3 Jarðhitanýting

Jarðhitanýting til orkuvinnslu í lögsögu Grindavíkur skal vera til hagsauka fyrir Grindavík og Ísland í heild.

Grindavíkurbær er eina sveitarfélagið á landinu sem hefur háhitasvæði á láglandi nærri íbúðabyggð.

Tækifæri til jarðhitanýtingar í iðnaði, í Grindavíkurbæ eru mikil og möguleikar á hagkvæmri orkuafhendingu eru töluverðir þar sem iðnaðarsvæði geta legið nærri orkuverum.

Tenging iðnaðarsvæða við orkuver í skipulagi Grindavíkur er mikilvæg við atvinnu uppbyggingu svæðisins. Slík iðnaðarsvæði geta verið mjög verðmæt til framtíðar litíð.

Grindavíkurbær leggur áherslu á að virkjanir á láglandi nærri bænum s.s. Svartsengi, Eldvörp og Arnarsetur geti afhent orku beint inn á nálæg iðnaðarsvæði í lögsögu Grindavíkurbæjar og auki þannig hagsæld með fjölbreyttara atvinnulífi.

Grindavíkurbær leggur áherslu á að hagkvæmni virkjana sem liggja fjær bæjarfélaginu sjálfu og fjær iðnaðarlóðum í sveitarfélaginu, skuli metin hagkvæmar miðað við hámarks fjárhagslega afkomu auk hámarks samfélagslegs ávinnings fyrir Grindavíkurbæ og Ísland.

4 Stýring nýtingar

Sveitarfélög hafa umsagnarrétt yfir auðlindum í eigin lögsögu og geta stöðvað öll áform um nýtingu auðlinda falli slík áform ekki að kröfum sveitarfélags.

Réttur sveitarfélaga í skipulagsákvörðunum er varða jarðhitanýtingu er ótvíræður samkvæmt skipulags- og byggingalögum nr. 73/1997. Þar segir að skipulagsskyldar framkvæmdir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

Við útgáfu rannsóknarleyfa hjá Iðnaðarráðuneytinu þarf rannsóknaraðili að leita eftir heimild hjá sveitarfélagi til að setja upp aðstöðu til rannsóknaborana og óska eftir breytingum á skipulagi þannig að fyrirhugað athafnasvæði verði iðnaðarsvæði sé það ekki slíkt fyrir.

Leita þarf samþykki sveitarfélags, vegna áforma á nýtingu jarðhita í landi þess, til orkuframleiðslu í framhaldi jákvæðra rannsókna.

Starfsleyfi þarf vegna reksturs orkuvers. Slíkt leyfi er veitt af viðkomandi heilbrigðisnefnd er leitar umsagnar viðkomandi sveitarfélags sbr. reglugerð nr.

785/1999 og sveitarfélaginu til ráðgjafar eiga að vera stofnanir eins og Umhverfisstofnun og Orkustofnun.

5 Eignarhald og tekjur af jarðhitaréttindum

Grindavíkurbær fari með og/eða eignist öll jarðhitaréttindi í lögsögu sveitarfélagsins til að njóta fjárhagslegs hags af orkunýtingu þeirra.

Í 3. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu með áorðnum breytingum stendur:

"Eignarlandi fylgir eignarréttur að auðlindum í jörðu".

Í 12. gr. sömu laga segir:

„Landeigandi má ekki undanskilja eignarlandi sínu jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi ráðherra. Heimilt er að framselja réttindi til ríkis eða sveitarfélags eða félags sem alfarið er í eigu ríkis og/eða sveitarfélaga og sérstaklega er stofnað til að fara með eignarhald þessara réttinda“.

Því mun Grindavíkurbær stefna á að eignast jarðhitaréttindi innan lögsögu sveitarfélagsins.

Markmið með kaupum á jörðum / jarðhitaréttindum er að færa stjórn og umsjón með nýtingu auðlinda í lögsögu Grindavíkurbæjar í hendur sveitarfélagsins. Þannig færast hagsmunir af ábyrgri nýtingu til sveitarfélagsins.

Með kaupum á landi og jarðhitaréttindum skuldbindur Grindavíkurbær sig til að leggja hluta tekna af nýtingu jarðhitaauðlindar til grunnrannsókna á auðlindinni og umgengni við hana.

Með skipulagningu á Eldfjallagarði munu öll jarðhitasvæði Grindavíkur vera háð því skipulagi. Með innleiðingu auðlindastefnu og uppbyggingu á Eldfjallagarði verður markvisst tekið á náttúruvernd samfara nýtingu jarðhita..

Með eignarhaldi á jarðhitaréttindum tekst Grindavíkurbær á hendur aukna ábyrgð við stjórn auðlindanýtingar og atvinnuþróunar innan sveitarfélagsins.